

**Löghaldsgerð fúgetadóms Hafnarfjarðar 28. júní 1963.**

Ár 1963, föstudaginn 28. júní, kl. 1500, var fúgetadómur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 29 og haldinn af Hermanni G. Jónssyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fúgetadómsmálið Ragnheiður Helgadóttir gegn Óskari Breiðfjörð Jónssyni.

Fúgeti leggur fram nr. 1 beiðni um löghald.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, og krefst hann þess, að gerðin fari fram til tryggingar kr. 170.000.00. Ragnheiður Helgadóttir er einnig mætt í dóminum.

Enginn er mættur af hálfu gerðarþola, og fúgeti náði í engan til að gæta réttar hans.

Fúgeti lýsti því þá yfir eftir kröfu gerðarbeiðanda, að löghald sé lagt á efri hæð húseignarinnar Álfaskeið 29 til tryggingar kr. 170.000.00.

Fúgeti ákvað, að gerðarbeiðandi setti tryggingu, að fjárhæð kr. 60.000.00.

---

Priðjudaginn 9. marz 1965.

Nr. 40/1965. **María Kristmundsdóttir**  
 gegn  
**Sigmundi M. Andrésyni.**

**Dómenður:**

hæstaréttardómáranir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal

Kærumál, Frestur veittur til öflunar málgagna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1965, sem Hæstarétti barst 22. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða henni málskostnað í hér- aði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 21. gr., 1. j, laga nr. 57/1962.

Í máli þessu krefst sóknaraðili lögtaks hjá varnaraðilja fyrir ógreiddum framfærslueyri til hennar, að fjárhæð samtals kr. 34.766.67, samkvæmt úrskurði fulltrúa yfirsakadómarans í Reykjavík, uppkveðnum 30. desember 1963, og leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng milli málsaðilja, útgefnu 22. september 1964. Varnaraðili telur yfírvöld eigi hafa farið að lögum, er þau úrskurðuðu meðlagseyri úr hendi hans til sóknaraðilja. Kveðst hann þurfa frest til að afla gagna og leiða vitni til sönnunar tilvikum, er styrki málsstað sinn.

Fulltrúi yfirsakadómarara hefur sem handhafi valdstjórnar ákveðið sóknaraðilja framfærslueyri úr hendi varnaraðilja samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1947 og 15. gr. laga nr. 57/1921. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur sómuleiðis sem handhafi valdstjórnar úrskurðað sóknaraðilja framfærslueyri úr hendi varnaraðilja frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng. Dómendur, þar á meðal fógæti, eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ. e. hvort yfírvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu.

Fógæta var því rétt að veita varnaraðilja færi á að bera fram samkvæmt framanskráðu varnir gegn úrskurði þeim, er í málinu greinir. Átti fógæti þannig að veita sóknaraðilja tiltekinn frest til öflunar gagna og undirbúnings málflutningi. Fógæti veitti varnaraðilja ótiltekinn frest með úrskurði sínum 9. febrúar 1965. Rétt þykir að staðfesta úrskurð fógæta að því leyti, að varnaraðili fái þriggja vikna frest í málinu frá birtingu dóms þessa.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Dómsorð:

Varnaraðili, Sigmundur M. Andrésson, skal hafa þriggja vikna frest í málinu frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1965.

Gerðarbeiðandi, María Kristmundsdóttir, Rauðagerði 10, hefur krafizt þess, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Sigmundar Magnúsar Andréssonar, Gnoðarvogi 36, fyrir ógreiddri meðlags-skuld, að upphæð samtals kr. 34.766.67, auk alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, þar á meðal þóknun fyrir lögfræðilega aðstoð.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að lögtaksgerðin nái framgangi, og hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var, að undangengnum venjulegum lögtaksúrskurðum fógeta, uppkveðnum 31. júlí 1964 og 16. desember s. á., birtum af stefnuvottum, tekið fyrir hinn 8. janúar s.l. Var framgangi lögtaks þá mótmælt, og lagði umboðsmaður gerðarþola fram greinargerð sína hinn 18. janúar. Aðiljar hafa hvor um sig skilað aðiljaskýrslum í máli þessu.

Í réttarhaldi hinn 5. þ. m. mætti Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður af hálfu gerðarbeiðanda og lét bóka, að hann krefðist þess, að gagnaöflun yrði talið lokið og að málið yrði tekið undir úrskurð þegar í stað.

Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarþola, lét þá bóka, að hann mótmælti því, að gagnaöflun yrði talið lokið, og krafðist þess, að fá að leiða vitni þau, sem vikið var að í aðiljaskýrslu gerðarþola, og mótmælti því, að málið yrði tekið til munnlegs flutnings.

Samkomulag náðist ekki um atriði þetta, og var það lagt undir úrskurð.

Fyrir liggur í máli þessu sem rskj. 3 úrskurður sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 30. desember 1963. Þar segir, að hjónin María Kristmundsdóttir og Sigmundur Magnús Andrésson hafi slitið samvistir hinn 3. ágúst 1963 og að þau hafi átt saman 2 börn, fædd 6. apríl 1959 og 1. apríl 1963, og að börnin hafi verið á framfæri konunnar frá samvistaslitum. Samkvæmt kröfu konunnar og með tilvísun til 3. gr. laga nr. 80/1947 og 14. gr. laga nr. 57/1921 er henni úrskurðað meðlag með börnunum, jafnt meðalmeðlagi með óskilgetnum börnum, eins og það er á hverjum tíma, og skulu meðlögin greiðast mánaðarlega fyrirfram 3. hvers mánaðar frá 3. janúar 1964 að telja, en meðlög frá 3. ágúst 1963 þegar fallin í gjalddaga. Þá er konunni úrskurðaður framfærslueyrir frá samvistaslitum samkvæmt 2. gr.

laga nr. 80/1947 og 15. gr. laga nr. 57/1921, kr. 2000.00 á mánuði, og skal hann greiðast fyrirfram mánaðarlega 3. hvers mánaðar frá 3. janúar 1964, en framfærslueyrir frá samvistaslitum er þegar fallinn í gjalddaga. Um innheimtu fer svo sem um innheimtu meðlags með óskilgetnum börnum, og loks er tekið fram, að maðurinn hafi þegar borgað kr. 3.700.00 upp í framangreindar greiðslur.

Þá liggur fyrir leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, útgefið af dómsmálaráðherra 22. september 1964, sjá rskj. nr. 4. Þar er svo ákveðið, að konan skuli hafa forræði beggja barnanna og maðurinn skuli greiða henni meðalmeðlag með þeim frá og með 1. október 1963 að telja og skuli hann greiða henni kr. 2.500.00 í lífeyri frá útgáfu leyfisbréfsins, meðan skilnaður að borði og sæng vari. Meðlög skulu greiðast fyrirfram 1. hvers mánaðar, en áfallin meðlög þegar í stað.

Hefur konan nú krafizt þess, að lögtök fari fram samkvæmt þessum heimildum báðum, samtals fyrir kr. 34.766.67.

Gerðarþoli bendir á það, að konan hafi yfirgefið heimili þeirra 3. ágúst 1963 án hans vitundar og vilja og tekið börnin með sér. Hann segir, að hún hafi átt alla sök á því, að slitnaði upp úr hjónabandinu, svo og foreldrar hennar. Þá skýrir gerðarþoli svo frá, að sér hafi ekki verið gefinn kostur á því að skýra frá mála-vöxtum af sinni hálfu, áður en úrskurður gekk í sakadómi, aðeins verið tilkvaddur, til þess að honum yrði birtur úrskurðurinn, og þá kveðst hann hafa mótmælt honum sem röngum með vísan til 15. gr. laga nr. 57/1921. Samkvæmt þeirri grein laga hafi gerðarbeiðandi ekki átt rétt á lífeyrisgreiðslum af hans hálfu, og sé úrskurðurinn gerður á röngum forsendum og að engu hafandi. Sama sé að segja um ákvæði leyfisbréfsins um lífeyrisgreiðslur til gerðarbeiðanda, og sé þar brotið gegn 55. grein laga nr. 39 frá 1921.

Gerðarbeiðandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi gengið af heimili þeirra aðiljanna allsendis tilneydd sökum tillitsleysis og geðofsa gerðarþola og ruddaskapar, sem hann hafi sýnt henni.

Þessum staðhæfingum gerðarbeiðanda mótmælir gerðarþoli og staðhæfir, að engin ástæða hafi verið fyrir hana að hverfa af heimilinu. Færir hann fram ýmsar ástæður fyrir staðhæfingu sinni og rekur ýmis atvik og atburði. Hann segist telja nauðsynlegt, að einstakir meðlimir barnaverndarnefndar, sem afskipti hafi haft af deiluefnum þeirra aðiljanna, mæti fyrir rétti sem vitni, ekki hvað sízt vegna þess að lögmaður gerðarbeiðanda

hafi vitnað til þeirra afskipta. Enn fremur vill hann leiða vitni ýmsa þá, sem borið geti um sambúð þeirra og skilnaðarástæður. Hann hefur loks óskað þess við fúgetaréttinn, að aflað verði gagna þeirra, sem legið hafi fyrir sakadómi í sambandi við úrskurðinn á rskj. 3, en sjálfur segist hann ekki hafa getað náð þessum gögnum.

Eins og áður segir, hefur gerðarþoli mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar af þeirri ástæðu, að gerðarbeiðandi hafi algerlega að ástæðulausu gengið af heimili aðiljanna, og eigi hún því ekki heimtingu á neinum greiðslum með sjálfri sér úr hendi hans. Þannig séu ákvæði úrskurðar sakadóms og leyfisbréfs um þessar greiðslur alveg óréttmæt, og megi lögtak ekki fara fram. Gerðarþoli hefur lýst því yfir, að hann vilji leiða vitni, sem kunn hafi verið heimili þeirra aðiljanna, svo og hefur hann viljað fá nánari vitneskju um þau gögn, sem lágu til grundvallar úrskurðum um greiðslur af hans hálfu til gerðarbeiðanda.

Ekki er útilokað, að þessi atriði skipti verulegu máli um úrslit lögtaksmáls þessa. Þykir ekki rétt að meina umboðsmanni gerðarþola að koma gögnum af þessu tagi að í málinu, og verður ofangreinum kröfum umboðsmanns gerðarbeiðanda hrundið.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp þenna úrskurð.

#### Því úrskurðast:

Hafnað er, að svo komnu, kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda um, að mál þetta verði tekið til úrskurðar.

---